

Athugasemdir við vindmyllugarð á Hróðnýjarstöðum í Dalabyggð

Sæll ágæti viðtakandi.

Ég, sem er ættaður í föður- og móðurætt úr Dölum, mótmæli harðlega nýjum vindmyllugarði á landi Hróðnýjarstaða.

Vindmyllur eru ekki beint umhverfisvænar því það þarf talsvert sótspor við að búa þær til og flytja hingað til lands. Á Hróðnýjarstöðum er talsvert um ósnorta náttúru og ég er ekki á þeirri skoðun að undirstöður þessara vindmylla og vegir þeim tengdum feli ekki í sér náttúruspjöll á svæðinu. Of mikið hefur verið gert úr því almennt að vindmyllur séu góður umhverfiskostur og þá er ég ekki að tala um sjónmengun heldur áhrif þeirra á sjálfa náttúruna á því landi sem þær standa. Eins hafa vindmyllur talsverð áhrif á fuglalíf en fuglar fljúga oft á þessi stóru mannvirki og drepast. Ósnortin náttúra er gífurlega verðmæt t.d. fyrir ferðapjónustu og einnig sálarlíf fólks. Nýleg rannsókn Gunnþóru Ólafsdóttur mannvistarlandfræðings og þrettán innlendra og erlendra vísindamanna sýnir að hreyfing úti í náttúrunni er betri fyrir líkama og sál en hreyfing í líkamsræktarstöð. Sjá frétt hér á RÚV frá 4. janúar 2017: <http://www.ruv.is/frett/betra-fyrir-heilsunaad-aefta-uti-en-innandya>. Þeir sem æfa úti, þótt í slagveðri sé, finna síður fyrir streitu og bæta heilsufar sitt. En til þess þarf auðvitað að vera náttúra. Hún á hins vegar mjög undir högg að sækja og heilsa mín og þín í leiðinni.

Með virðingu,

Bjarni V. Guðmundsson
Kt. 080278-3309.

Sent from Mail for Windows 10